

fæðingu þess, og því aðeins má höfða slíkt mál, að hann hafi ekki gengið við faðerninu eftir fæðinguna. Brestur því heimild til höfðunar máls þessa, og ber því að vísa því frá dómi.

Mál þetta var lagt til sátta fyrir sáttanefnd, en stefnda sótti ekki né lét sækja sáttafund. Útivist af sáttafundi varðar þó ekki viðurlögum, þar sem mál þetta er eitt þeirra mála, er héraðsdómara ber að leita sátta í samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936.

Friðrik Magnússon hdl. hefur samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1921 verið skipaður talsmaður drengsins Z. Stefnandi hefur véfengt, að málflutningsumboð hans geti byggt á nefndri skipun, þar sem málið sé ekki þeirrar tegundar, sem um ræðir í nefndri lagagrein. Samkvæmt því, sem áður var sagt, er ekki á það fallið. Í tilvitnaðri lagagrein segir, að þegar dómari telur lögráðamann ekki færan um að gæta réttar barns í véfengingarmáli um faðerni, skuli dómari setja því svaramann á ríkiskostnað. Þykir verða að skilja ákvæði þetta svo, að barn skuli hafa sama rétt og gjafvarnarhafi, að því er varðar þóknun svaramanns. Samkvæmt því verður niðurstaða máls þessa, að því er málskostnað varðar, sú, að stefnanda ber samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 að greiða stefndu Y málskostnað, sem ákveðist kr. 300.00, og talsmannslaun Friðriks Magnússonar, skipaðs talsmanns drengsins Z, kr. 250.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, X, greiði málskostnað, kr. 550.00, þar af kr. 300.00 til stefndu Y og talsmannslaun Friðriks Magnússonar, skipaðs talsmanns drengsins Z, kr. 250.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1952.

Nr. 172/1948. X (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Y (Enginn).

Ómerking héraðsdóms. Kröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndi, sem löglega hefur verið birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 23. desember 1948, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega sam-

kvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að kveðið verði á um það í dómi, að faðir hennar sé Z, og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi kom sjálf fyrir dóm í héraði og gerði þar einnig kröfu til þess, að Z yrði dæmdur faðir hennar. Z er ekki aðili máls þessa, og verða því engar kröfur á hendur honum dæmdar í því. Leiðir af þessu, að ómerkja verður héraðsdóminn og vísa kröfum á hendur Z frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum fellur málskostnaður í Hæstarétti niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki leiðbeint stefnanda í héraði, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast kröfum á hendur Z frá héraðsdómi.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. september 1948.

Ár 1948, föstudaginn 24. september, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í véfengingarmálinu: X gegn Y, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er eftir kröfu X höfðað gegn bróður hennar Y, og hefur hún gert þær réttarkröfur, að því verði slegið föstu með dómi, að faðir hennar sé Z, en ekki M heitinn, eiginmaður móður hennar K, er hún hefur verið kennd við, en nefndur Y hefur engar kröfur gert í máli þessu. Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Verða nú málavextir raktir, eftir því sem upplýst er:

Z og K eru sammála um það, að þau hafi fyrst kynnt árið 1918 á heimili móður hennar, en slitnað hafi nokkru síðar upp úr kunningsskap þeirra, enda giftist hún sumarið 1919 M heitnum, er lézt 24. marz 1924, en X mun vera fædd 29. marz sama ár. Hún hefur eigi verið skirð af presti, en var strax af móður sinni nefnd X. Skömmu eftir áramót 1922 tókst að nýju kunningsskapur með þeim K og Z, er hélzt til ársins 1932, nokkru áður en Z kvæntist, og á þessu tímabili höfðu þau samfarir saman öðru hverju. Bæði eru þau sannfærð um, að Z sé faðir X, enda hefur K borið það, að hún hafi ekki haft samfarir við látinn eiginmann sinn, M, tvö

síðustu árin áður en hann lézt, og að honum hafi verið kunnugt um samband hennar og Z og gengið út frá því sem vísu, að barni, sem hún ætti, væri enginn annar faðir að en Z. Þá kveður hún, að er M heitinn vissi um þunga hennar, hafi hann verið orðinn svo lasburða og sjúkur, að hann hafi ekki getað hreyft neinum mótmælum varðandi faðernið. Bæði halda þau því fram, að X líkist að engu M heitnum eða hans fólki, en telja hana mjög líka Z og fólki hans. Hefur Z, sem telur sig fullvissan um, að hún sé dóttir sín, borið það, að X hafi ýmis einkenni frá sér og sinni ætt, til dæmis skarð í höku, háralit og svipaða sér í ýmsum hreyfingum og fólki sínu, t. d. „gesticuleri“ hún mikið, eins og hann hafi ætíð gert, og sköpulag vísifingurs, löngutangar og baugfingurs X sé ákaflega líkt sköpulagi nefndra fingra hans. Þá hefur Z getið þess, að X hafi á barnsaldri svipað til sín og fólks síns, eins og vitnaframburðir, sem síðar verða raktir, staðfesta. Z hefur borið það, að hann hafi greitt meðlag, frá því að X fæddist, að því er hann bezt man, og þar til hann kvæntist um mánaðamót september og október 1932. K hefur aftur á móti borið það, að Z hafi við og við gefið X einhverjar peningaupphæðir, eftir að hún fæddist þar til einhvern tíma á árinu 1932, en hún kveðst ekki hafa litið á greiðslur þessar sem meðlagsgreiðslur, heldur sem gjöf til dóttur sinnar, enda segir hún greiðslurnar alls ekki hafa numið meðalmeðlagi á hverjum tíma, sem þær voru borgaðar.

Bæði K og Z segja M heitinn hafa verið mikið fjarverandi frá heimili sínu. Segir K M heitinn hafa verið til sjós á togara vorið 1923, sem gerður var út frá Reykjavík, en hann hafi um sumarið verið á síldveiðum úti á landi, og er hann hafi komið af veiðunum, hafi hann verið veikur, legið á heimili þeirra, þar sem hann bjó í landlegum, er hann var á togaranum, um tveggja mánaða skeið, en síðan farið í sjúkrahús, þar sem hann lézt. Samkvæmt rskj. nr. 3, vottorði Þjóðskjalasafnsins, dags. 13. maí s. l., var M heitinn skráður háseti á togara frá Reykjavík 27. apríl 1923 og afskráður 30. júní s. á. Enn fremur hafi hann verið skráður á sama skip sem háseti 17. júlí og afskráður 9. sept. s. á.

Vitnið A skýrir svo frá, að það viti til þess, að náinn kunningsskapur hafi verið á milli Z og K, en kveðst þó í þessu sambandi engin ártöl geta nefnt, nema hvað það segir, að kunningsskapur milli þeirra hafi verið frá því um mánaðamót febrúar og marz 1923 og mörg ár eftir það. Þó kveður vitnið Z aldrei hafa sagt við sig fyrr en nýlega, að hann væri faðir X, en það kveðst ætíð hafa verið visst um, að svo væri, eftir að það sá hana, skömmu eftir að hún fæddist, enda hafi hún líkzt honum mjög mikið og verið ákaflega ólík M heitnum.

Vitnið B, sem er hálfsystir K, kveðst vita til þess, að náinn kunningskapur hafi verið milli hennar og Z um margra ára skeið, hann hafi verið byrjaður fyrir 1. janúar 1923 og staðið eftir það í mörg ár. Segist vitnið ekki vera í neinum vafa um, að Z sé faðir X, enda líkist hún honum mjög mikið, en svipt ekki að neinu leyti til M heitins. Kveður vitnið, að K hafi ætlað að tjá því, hver faðir X væri, en þá hafi það sagt, að þess gerðist

ekki þörf, því að það vissi, hver faðir hennar væri. K kveður vitnið, systur sína B, hafa vitað um hið rétta faðerni, þótt hún hafi aldrei sagt því það berum orðum.

Vitnið C kveðst hafa þekkt Z, frá því þeir gengu í skóla. Skýrir það svo frá, að nokkru fyrir 1920, en nánar hvenær man það ekki, hafi það frétt meðal nánustu kunningja Z, að hann væri ástfanginn í stúlku, sem hann fengi ekki að eiga. Hver stúlka þessi var, vissi vitnið ekki, og eigi heldur nánar um samband þeirra. Það kveðst hafa séð X á barnsaldri og þá strax þótt sjá ættarmót með henni og Z. Taldi það sig finna bæði á gáfnaðari, málfari og svipbrigðum, að hún gæti verið dóttir Z, enda hafi vitnið þá heyrt, að svo væri, þótt það muni eigi nú, hver tjáði því það. Nú nýlega segir það bæði K og Z hafa sagt sér, að hann væri faðir X.

Vitnið D, sem giftur er dóttur E, föðursystur K, en E hefur legið rúm- föst í 20 ár, og eigi hefur verið hægt að taka réttarskýrslur af henni, hefur borið það, að hún hafi oft tjáð sér, að Z væri faðir X, enda hafi bæði X og K sagt E vita um kunningsskap K og Z.

Þá hafa loks tvö önnur vitni borið, að þau hafi heyrt, að Z væri faðir X.

Blóðrannsókn hefur farið fram á K, X og Z, og reyndist árangur hennar samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans, rskj. nr. 2, þessi:

	Aðalflokkur	Undirfl.	C	D	E
K	A 2	M N	+	+	+
X	A 2	M N	+	+	+
Z	O	M	+	+	+

Samkvæmt rannsókn þessari er ekki unnt að útiloka Z frá faðerninu.

Þess ber að geta, að K og M heitinn voru gefin saman af aðventista- presti, en eigi hefur verið auðið að afla hjónavígsluvottorðs þeirra, enda ber vottorð hins íslenska konferens sjöunda dags aðventista, rskj. nr. 4, með sér, að eigi hefur fundizt hjónavígslu þeirra getið í kirkjubókum nefnds safnaðar, þar eð þær munu eigi vera til eldri en frá árinu 1927. Vottorð borgarfégetans í Reykjavík, rskj. nr. 5, ber með sér, að M heitinn hafi látizt 24. marz 1924, 36 ára að aldri, og talinn hafa látið eftir sig konu og tvö börn ung.

Leitazt var við, að prófessor Jón Steffensen athugaði erfðafræðilega Z, X, Y og K, en hún neitaði, að rannsókn þessi færi fram, þótt lengi hefði verið beðið eftir, að hún samþykkti hana. Bar rannsókn þessi því engan árangur, sbr. rskj. nr. 5.

Þegar þess er gætt, að K bjó samvistum við eiginmann sinn, M heitinn, á getnaðartíma X, þykja, þrátt fyrir það, sem hér að framan er skráð, eigi fram komnar nægar sannanir fyrir því, að Z sé faðir X, sbr. 7. gr. laga nr. 57. 27. júní 1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna. Verður því krafa hennar eigi tekin til greina, og hún eigi kennd við Z.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Krafa X um, að því verði með dómi slegið föstu, að hún sé dóttir Z, verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 4. apríl 1952.

Nr. 181/1951. **Tryggvi Jónsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Laxnesbúinu h/f (Ragnar Ólafsson).

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta var rekið í héraði fyrir sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Átti héraðsdómari samkvæmt 4. tölulið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi 8. maí 1951, eftir að stefndi hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 106. gr. sömu laga. Ekki sést, að sjó- og verzlunardómurinn hafi leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, og fellur því málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá 8. maí 1951 eiga að vera ómerk, og vílast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. nóv. 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 13. nóvember, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni dómsformanni og meðdóm-